Nr. 38.
25.
nóvbr.

# Auglýsing

um

## gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar keisara Rússaveldis.

Hin danska og hin rússneska stjórn hafa 1. mars 1905 gjört með sjer svofeldan samning um skuldbundna gjörð og fullgilt hann í St. Pjetursborg 11. apríl s. á.

Þýðing.

Hans Hátign konungurinn í Danmörku og Hans Hátign keisarinn yfir Rússaveldi, sem hafa ritað undir samning þann, er gjörður var í Haag 29. júlí 1899 um friðsamlegt sáttmál um deilur þjóða á milli, og óska samkvæmt frumreglum þeim, sem leiddar eru í ljós í 15.—19. gr. tjeðs samnings, að leita samkomulags um að gjöra samning um skuldbundna gjörð, hafa skipað umboðsmenn sína, þá sem hjer segir:

Hans Hátign konungur Danmerkur:
Herra *Poul Ludvig Ernst de Lövenörn*, kammerherra Hans Hátignar og sjerstakan sendiherra og umboðinn stjórnarherra við hirð Rússakeisara, og

Hans Hátign keisarinn yfir Rússaveldi:
Hinn hágöfuga greifa *Lamsdorff*, stjórnarherra Hans Hátignar, sannarlegt leyndarráð og utanríkisráðgjafa,
og er þeir hafa sýnt hvor öðrum umboðsskjöl sín, er reyndust góð og gild, hafa þeir komið sjer saman um greinar þær, sem hjer fara á eftir:

1. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar skuldbinda sig til að leggja undir hinn fasta gjörðardóm í Haag, sem er stofnaður með samningi 29. júlí 1899, þau deilumál, sem kynnu að rísa upp milli þeirra, að svo miklu leyti sem þau snerta ekki sjálfstæði hlutaðeigandi landa, eða lífshagsmuni þeirra, eða framkvæmd fullveldis þeirra, og að svo miklu leyti sem ekki hefur getað samist um þau beina leið milli stjórnarerindreka þeirra.

2. grein.

Hvor málsparturinn um sig sker úr því, hvort deilumálið snertir sjálfstæði hans, lífshagsmuni hans eða framkvæmd fullveldis hans, og fyrir því er þess eðlis, að það veit undir þann málaflokk, sem samkvæmt undanfarandi grein eru undanskilin bindandi gjörðarskyldu.

# Bekendtgørelse

Nr. 38.
25.
Novbr.

om

## en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kejseren af Rusland afsluttet Konvention om Voldgift.

Under 1. Marts er der mellem den danske og den russiske Regering bleven afsluttet og under 11. April s. A. i St. Petersborg bleven ratificeret følgende Konvention om obligatorisk Voldgift.

Oversættelse.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kejseren over alle Ruslande, der have undertegnet den i Haag den 29. Juli 1899 afsluttede Overenskomst om fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, og som ønske, i Henhold til de i Artiklerne 15—19 af den nævnte Overenskomst udtalte Grundsætninger, at aabne Forhandlinger for at afslutte en Konvention om obligatorisk Voldgift, have udnævnt til deres befuldmægtigede de efternævnte:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:
Hr. *Poul Ludvig Ernst de Løvenørn*, Hans Majestæts Kammerherre og overordentlige Gesandt og befuldmægtigede Minister ved det Kejserlig Russiske Hof, og

Hans Majestæt Kejseren over alle Ruslande:
Hans Ekscellence Grev *Lamsdorff*, Hans Majestæts Statssekretær, virkelige Gehejmeraad og Udenrigsminister,
hvilke, efter at have meddelt hinanden deres Fuldmagter, der befandtes i god og rigtig Form, ere komne overens om følgende Artikler:

Artikel 1.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til at undergive den ved Overenskomsten af 29. Juli 1899 i Haag oprettede staaende Voldgiftsdomstol de Tvistigheder, der maatte opstaa mellem dem, for saa vidt som de ikke berøre de paagældende Landes Uafhængighed, eller deres Livsinteresser, eller Udøvelsen af deres Suverænitet, og for saa vidt som en Afgørelse i Mindelighed ikke har kunnet opnaas ved direkte diplomatiske Forhandlinger.

Artikel 2.

Hver enkelt Part bedømmer det Spørgsmaal, hvorvidt den opstaaede Tvistighed berører dens Uafhængighed, dens Livsinteresser eller Udøvelsen af dens Suverænitet og, som Følge deraf, ifølge sin Natur henhører under dem, der, ifølge den foregaaende Artikel, ere undtagne fra den bindende Voldgiftsforpligtelse.

Nr. 38.
25.
nóvbr.

3. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar skuldbinda sig til að fara ekki fram á undanþágur samkvæmt fyrirfarandi grein, þegar svo er:

I. að deilumálið varðar skilning eða framkvæmd á hvers konar samningi sem er, er þegar er gjörður, eða framvegis kann að verða gjörður milli hinna háu samningsaðila, og beinist að:
   1) atriðum úr einkamálalöggjöf þjóða á milli;
   2) skipulagi verslunar- og iðnaðarfjelaga, sem hafa verið stofnuð löglega í öðruhvoru landinu;
   3) atriðum úr einkamála- eða sakamála-rjettarfari og að framsali sakamanna;

II. að deilumálið varðar peningakröfur, þegar málspartarnir kannast í aðalatriðunum við skuldbindinguna til að greiða skaðabætur eða hvert annað gjald, sem vera skal.

4. grein.

Þessi samningur kemur til framkvæmdar, jafnvel þó að deilumál þau, sem upp kunna að rísa, kunni að eiga rót sína að rekja til atvika, sem gjörðust, áður en hann varð til.

5. grein.

Það er vitaskuld, að undanfarandi greinar eiga ekki við þess konar deilumál milli þegna beggja samningsaðila eða milli þegns annars þessara ríkja og hins ríkisins, sem dómstólar beggja ríkja, hvers um sig, eftir lögum þeirra eru bærir um að leggja dóm á.

6. grein.

Þegar tilefni er til gjörðardóms milli hinna háu samningsaðila, vilja þeir, nema til sjeu gjörðardómi samkvæmar undanþágur í gagnstæða átt, í öllu, er snertir tilnefning gjörðardómmendanna og rjettarfarið við gjörðardóminn, hegða sjer eftir ákvörðunum þeim, sem settar voru í sáttmála þeim, sem gjörður var í Haag 29. júlí 1899 um að koma friðsamlegum sáttum á deilumál þjóða á milli, þó að fráskildum atriðum þeim, sem talin verða hjer á eptir.

7. grein.

Gjörðardómendurnir mega ekki vera þegnar þeirra ríkja, sem hafa ritað undir þennan samning, nje eiga heimkynni í löndum þeirra. Atriði þau. sem gjörðin beinist að, má ekki að neinu leyti snerta hagsmunasemi þeirra.

8. grein.

Þyki ástæða til þess, eiga í gjörðardóminum að vera tilteknir þeir frestir, sem ekki mega vera útrunnir, áður en honum er fullnægt.

9. grein.

Í gjörðarsamþykt þeirri, sem gjört er ráð fyrir í 31. grein í sáttmálanum frá 29. júlí 1899, skal ákveðinn frestur, sem ekki má vera liðinn, áður en málspartarnir eru búnir að skiftast á um erindi þau og skjöl, sem eiga við efni deilumálsins. Þessum skjalaskiftum á í öllu falli að vera lokið, áður en fundir gjörðardómsins byrja.

Þessi ákvæði snerta á engan hátt það sem fyrir er mælt í Haagsáttmálanum um annað skeið gjörðardóms-rjettarfarsins (39. grein), sjerstaklega ekki fyrirmælin í 43.—49. grein.

Nr. 38. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar keisara Rússaveldis.

Artikel 3.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til ikke at gøre Undtagelser gældende i Henhold til foregaaende Artikel i følgende Tilfælde:

I. I Tilfælde af Stridigheder, naar det drejer sig om Fortolkning eller Anvendelse af en hvilken som helst Overenskomst, der er afsluttet eller fremtidig bliver afsluttet mellem de høje kontraherende Parter, og som har Hensyn til:
   1. Emner af den internationale Privatret;
   2. Ordningen af de Selskaber for Handel og Industri, som ere lovlig oprettede i et af Landene;
   3. Emner af den civile eller den kriminelle Procesmaade, og til Udlevering.

II. I Tilfælde af Stridigheder angaaende Fordringer paa Penge, naar Forpligtelsen til at udrede en Skadesløsholdelse eller hvilken som helst anden Betaling er anerkendt i Principet af Parterne.

Artikel 4.

Nærværende Konvention finder Anvendelse, selv om de Stridsspørgsmaal, der maatte opstaa, skulde have deres Oprindelse i Kendsgerninger, der ere gaaede forud for dens Afslutning.

Artikel 5.

Det er underforstaaet, at de foregaaende Artikler ikke finde Anvendelse paa saadanne Tvistemaal mellem Undersaatter af de to kontraherende Stater eller mellem en Undersaat af en af disse Stater og den anden Stat, som de respektive Staters Domstole efter deres Lovgivning maatte være kompetente til at paadømme.

Artikel 6.

Naar der er Grund til en Voldgift mellem dem, ville de høje kontraherende Parter, ifald der ikke findes voldgiftsmæssige Undtagelser i modsat Retning, i alt, hvad der angaar Udpegelsen af Voldgiftsdommerne og Voldgiftsproceduren rette sig efter de Bestemmelser, der ere fastslaaede ved den i Haag den 29. Juli 1899 undertegnede Overenskomst om fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder med Undtagelse af, hvad der angaar de herefter fremsatte Punkter.

Artikel 7.

Ingen af Voldgiftsdommerne kan være Undersaat af de Stater, der have undertegnet nærværende Konvention, eller have Bopæl paa deres Territorium. De maa ikke have nogen Interesse i de Spørgsmaal, som skulle være Genstand for Voldgift.

Artikel 8.

Hvis der findes Grund dertil, skal Voldgiftskendelsen indeholde Angivelse af de Frister, inden hvilke dens Virkninger skulle indtræde.

Artikel 9.

Den i Artikel 31 af Overenskomsten af 29. Juli 1899 forudsatte Voldgiftsantagelse skal fastslaa en Frist, inden hvilken Udvekslingen mellem de to Parter skal finde Sted af de Indlæg og Dokumenter, der have Hensyn til Stridens Genstand. Denne Udveksling skal i hvert Tilfælde være endt før Begyndelsen af Voldgiftsdomstolens Møder.

Disse Bestemmelser berøre i ingen Henseende, hvad der er fastslaaet ved Haager-Overenskomsten med Hensyn til det andet Stadium af Voldgiftsproceduren (Art. 39), navnlig ikke Bestemmelserne i Art. 43—49.

Nr. 38. Bekendtgørelse af 25. November om en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kejseren af Rusland afsluttet Konvention om Voldgift.

Nr. 38.
25.
nóvbr.

10. grein.

Þessi samningur skal vera í gildi í 10 ár frá þeim degi að telja, er skifst hefur verið á um fullgildingar hans. Sje svo, að hvorugur hinna háu samningsaðila hafi, 6 mánuðum áður en þetta árabil er liðið, látið í ljósi það áform sitt, að láta hann falla úr gildi, skal samningurinn vera skuldbindandi þangað til ár er liðið frá þeim degi, þegar annarhvor hinna háu samningsaðila hefur sagt honum upp.

11. grein.

Þennan samning ber að fullgilda svo fljótt sem auðið er, og skal skifst á um fullgildingarnar í St. Pjetursborg í seinasta lagi 14. apríl 1905.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir ritað undir þennan samning og sett á hann skjaldarmerkis innsigli sín.

Gjört í St. Pjetursborg $\frac{\text{1. mars}}{\text{16. febrúar}}$ 1905.

**P. Lövenörn.**
(L. S.)

Greifi **Lamsdorff.**
(L. S.)

Þetta gjörist hjermeð að gefnu tilefni öllum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.**

***H. Hafstein.***

*Eggert Briem.*

Nr. 38. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar keisara Rússaveldis.

Nr. 38.
25.
Novbr.

Artikel 10.

Nærværende Konvention skal vare i 10 Aar fra den Dag af, da Udvekslingen af Ratifikationerne har fundet Sted. I det Tilfælde, at ingen af de høje kontraherende Parter, seks Maaneder før Udgangen af denne Periode, skulde have tilkendegivet sin Hensigt at lade Virkningerne af den ophøre, vil Konventionen forblive bindende, indtil Forløbet af et Aar fra den Dag af, da den ene eller den anden af de høje kontraherende Parter har opsagt den.

Artikel 11.

Nærværende Konvention skal ratificeres snarest muligt og Ratifikationerne udveksles i St. Petersborg senest den 14. April 1905.

Til Bekræftelse heraf have de befuldmægtigede undertegnet nærværende Konvention og forsynet den med deres Vaabensegl.

Sket i St. Petersborg, den $\frac{\text{1. Marts}}{\text{16. Februar}}$ 1905.

**P. Løvenørn.**
(L. S.)

Greve **Lamsdorff.**
(L. S.)

Hvilket paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

**Islands Ministerium, den 25. November 1912.**

***H. Hafstein.***

*Eggert Briem.*

Nr. 38. Bekendtgørelse af 25. November om en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kejseren af Rusland afsluttet Konvention om Voldgift.